UMHVERFIS
STOFNUN

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs
Grindavíkurbær
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 10. ágúst 2017
UST201706-272/K.S.J.
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Grindavíkur 2010 – 2030, tillaga að breytingu.**
**Tillaga að deiliskipulagi miðbæjar Grindavíkur.**

Vísað er til erindis sviðsstjóra skipulags- og umhverfissviðs er barst 27. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2010-2030 og tillögu að deiliskipulagi miðbæjar Grindavíkur. Í ofangreindu erindi kemur fram að vegna formgalla sé breytingartillagan auglýst aftur.

**Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Grindavíkur 2010 – 2030**

Í greinargerð kemur fram að fyrirhugað framkvæmdasvæði miðbæjarsvæðis sé um 4,6 ha að stærð, og að miðbæjarsvæðið tengi saman íbúðarsvæði þéttbýlisins. Umhverfisstofnun tekur undir áætlun um þéttingu byggðar á miðbæjarsvæði og það að byggingar verði ekki hærri en þriggja hæða.

**Fráveita**

Í greinargerð kemur fram að í breytingunni felst að á skipulagssvæðinu mun byggingarmagn aukast um 6030 $m^2$. Umhverfisstofnun minnir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

**Tillaga að deiliskipulagi miðbæjar Grindavíkur.**

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Beðist er velvirðingar á að dregist hefur að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík
Iceland

+354 591 2000
www.ust.is